Skipulags- og umhverfisnefnd

Fundur 299, 06.06.2023

**Skipulagning á íþróttasvæði og afþreyingar- og ferðamannsvæði**

Í ljósi áforma um nýjungar á svæði sem afmarkast af Tjarnarstíg, Aðalgötu og tjörn við Tjarnarborg, óskar nefndin eftir að tæknideild leggi fyrir nefndina uppfærðan, útvíkkaðan uppdrátt af svæðinu frá 2016. Æskilegt er að uppdrátturinn liggi fyrir áður en framkvæmdir á svæðinu hefjast.

Meðan þess sem þarf að koma fram er nýtt deiliskipulag fyrir þjóðvegi í þéttbýli á Ólafsfirði frá 2022, æslabelgur, aparóla og minigolfvöllur frá umhverfisverkefnum 2023, gróður frá grænum verkefnum fyrir 2023, bætt aðgengi frá Aðalgötu meðfram Tjarnarstíg, tillaga að merkingum einstakra tjaldstæða sem og önnur atriði sem tæknideild telur æskilegt að bæta við hönnunaruppdráttinn. Óskað er eftir því að hönnun taki mið af notkun svæðisins bæði á sumri og vetrum.




f.h. Skipulags- og umhverfisnefndar,
Arnar Þór Stefánsson, formaður